

Ár 2016, miðvikudaginn 16. mars er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi.

Fyrir er tekið: Mál nr. 10/2015.

**Blakdeild Stjórnunnar
(Kærandi)**

gegn

**Blakdeild HK
(Kærði)**

Gögn málsins nr. 1-2 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kæru móttækinni af skrifstofu ÍSÍ þann 19. nóvember sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um málsatvik og dómkröfur kæranda. Kærði kaus að tjá sig ekki um kæruefnið.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að úrslit leiks Stjórnunnar D við HK í 6. deild kvenna í blaki sem fram fór þann 14. nóvember á Flúðum verði ógilt og lið HK tapi leiknum 2-0 (25-0, 25-0).

I.

Málsatvik og málatilbúnaður kæranda.

Laugardaginn 14. nóvember s.l. fór fram leikur Stjórnunnar D og HK 1 í fyrstu mótaröð Íslandsmótsins í 6. deild kvenna í blaki. Úrslit leiksins urðu 2-1 Stjórnunni í vil. Í liði HK lék Lilja Minný Sigurbjörnsdóttir sem leikmaður nr. 5. Hún spilar að öllu jöfnu með HK B í 1.deild, en henni er ekki heimilt að færa sig niður í 6. deild. Af orðum greinar 1.7. í reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands má ráða að jafnvel þótt hún sé ekki meðal sjö leikjahæstu leikmanna er henni einungis heimilt að færa sig niður í næstu deild fyrir neðan. Ennfremur má benda á að skv. grein 4.1.1. leikreglna í blaki

mega aðeins þeir leikmenn sem skráðir eru á leikskýrslu taka þátt í leiknum. Nafn viðkomandi leikmanns er ekki að finna á leikskýrslu

II.

Forsendur og niðurstöður.

Þar sem engin greinargerð hefur verið lögð fram af kærða ber að taka allar kröfur kæranda til greina þar sem um ótvíræð brot eru að ræða hjá kærða á áðurtilgreindum ákvæðum í reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands.

Afgreiðsla málsins hefur dregist þar sem dómari taldi að málið hefði verið fellt niður.

III.

Dómsorð.

Úrslit leiks Stjórnunnar D við HK í Íslandsmóti 6. deild kvenna í blaki sem fram fór þann 14. nóvember s.l. á Flúðum eru ógilt og lið HK tapar leiknum 2-0 (25-0, 25-0).

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Dómþingi slitið .

Gunnar Guðmundsson

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.